

Ársskýrsla

Snorrastofu í Reykholti
2023



Innihald

INNGANGUR	3
Fjárhagur	5
Rekstur.....	5
Tryggingar.....	5
Stjórn og starfsmannahald	6
Yfirstjórn.....	6
Starfsmannahald.....	6
Starfsfólk og fastir verktakar.....	6
Ábyrgðarfólk einstakra verkþátta.....	7
Ýmislegt	7
Sturlufélagið.....	7
Heimsókn frá Rúmeníu.....	7
Fundur með miðaldafræðingum í Svíþjóð.....	7
BÓKASAFNIÐ	8
Bókasafnið frá Logalandi.....	8
GESTAMÓTTAKAN	8
Fjölgun gesta.....	8
Sumarstarfsmaður.....	9
Aðrir starfsmenn.....	10
Ókeypis aðstaða.....	10
Hljóðleiðsögn.....	10
Nýtt anddyri.....	10
Mannamót.....	10
MIÐLUN	10
Miðlun í skólahúsinu.....	10
Samstarfssamningur við miðaldabæinn Gradara.....	10
Annað.....	11
FRÆÐI	11
Rannsóknir	11
Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM).....	11
Bókagerð í Helgafellsklaustri á 14. öld.....	12
Forn trúarbrögð norðursins.....	12
Haraldur harðráði.....	13
Fundur í Istanbúl.....	13
Bók með úrvali erinda frá Thoreau-ráðstefnunni.....	14
Ársfundur The Thoreau Society.....	14
Viðurkenning frá The Thoreau Society.....	14
VIÐBURÐIR	14
Niðurskurður á fjármagni.....	14
Barnamenningarhátíðin.....	15
Ókindin.....	15
Fyrirlestur á Reykholtshátíð.....	15
Mannlífsskilti afhjúpað.....	16
Norræna þjóðbúningaþingið.....	16

Frændur fagna skógi	16
Háskaför yfir Atlantshafið.....	17
Vinnufundur RÍM-verkefnisins.....	17
Bókakynning.....	17
FASTEIGNIR OG UMHVERFI.....	17
Húsgjöld	17
Fræðimannsíbúðin.....	18
Starfsmenn hirðu	18
Bætt aðstaða	19
Stúdíó-herbergin.....	20
Hitaveita Reykholtstaðar ehf. og Reykholtstaður ehf.	20

Inngangur

Sjálfseignarstofnunin Snorrastofa í Reykholti sinnir margvíslegri starfsemi til eflingar og kynningar á íslenskri menningu með rannsóknum og fræðslu um norræna sögu, menningu og bókmenntir sem tengjast Snorra Sturlusyni og Vesturlandi. Stofnunin rekur gestamóttöku og grunnsýningu um Snorra, en um leið sinnir hún almennri upplýsingaþjónustu um uppsveitir Borgarfjarðar og þær fornleifar sem rannsakaðar hafa verið á staðnum og eru sýnilegar gestum og gangandi.

Í Snorrastofu er bókhlaða þar sem safnað er bókum tengdum Snorra, auk almennra fræðiriti um miðaldir. Mikilvægur hluti bókakostsins er bókasafn dr. Jakobs Benediktssonar. Þá er boðið upp á almenna bókasafnsþjónustu fyrir íbúa svæðisins og þá fræðimenn sem gista og starfa í Snorrastofu.

Starfsemi stofnunarinnar fer fram í samnefndu húsi ásamt norðurálmu gamla skólans í Reykholti. Boðið er upp á gisti- og vinnuástöðu fyrir jafnt innlenda sem erlenda fræði- og listamenn. Þá leigir Snorrastofa út sali fyrir fundi, málþing og veislur, meðal annars í samvinnu við hótelið á staðnum, auk þess stofnunin sinnir húsvörslu í austurálmu skólahússins fyrir vara-eintakasafn Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Mikilvægt verkefni er einnig hirða flestra útisvæða auk gömlu kirkjunnar ásamt nokkrum öðrum fasteignum.

Velta gestamóttöku og útleigu á fasteignum jókst á árinu. Starfræksla bókasafns gekk einnig vel. Þarfagreining um sýningarhald í skólahúsinu er komin í fjárlögin fyrir 2024, sem var óvænt, en þar liggur mikil vinna þar að baki. Í því sambandi ber að þakka Uppbyggingarsjóði Vesturlands.

Gestamóttakan hélt áfram að eflast og norsku og pólsku bætt við hljóðleið-sögnina eða smáforritið „Snorra“. Annars eru fyrirlestrar Sigrúnar Þormar, sviðsstjóra Snorrastofu, fyrir ferðamenn lykilþáttur í starfsemi stofnunarinnar.

Á vettvangi rannsóknarverkefna Snorrastofu var einnig nóg um að vera. Verkefnið um ritmenningu íslenskra miðalda (RÍM) lauk fjórða ári, undirbúningur á útgáfu sjöunda og síðasta bindis verkefnisins *The Pre-Christian Religions of the North (PCRN)* er á lokastigi og boðið var upp á fyrsta málþing verkefnis um norska konunginn og væringjaforingjann Harald harðráða, sem unnið er í samvinnu við Háskólana í Edinborg og York á Bretlandi.

Boðið var upp á nokkra opinbera fyrirlestra á árinu, m.a. á Reykholtshátíð, bókakynningu í desember, og sk. Þrjúna-bóka-kvöld, sem eru kvöldsamkomur með baðstofublæ undir forystu Gíslínu Jensdóttur, bókasafnsfræðings Snorrastofu.

Því miður hafa fjárframlög opinberra aðila til starfseminnar verið skörin umtalsvert niður, en launaskrið og verðbólga hafa lítið fengist bætt allt frá árinu 2018. Um er að ræða aðgerðir sem gilda fyrir nánast allar menningarstofnanir í landinu í kjölfar COVID og eldgosa. Stofnunin er því undirmönnuð, enda misst tvo starfsmenn vegna fjárskorts. Þá fæst ekkert rekstrarfé frá Uppbyggingarsjóði Vesturlands vegna breyttra reglna, sem gera ráð fyrir að stofnanir með samninga við ríkið fái ekki lengur stuðning í almennan rekstur.

Stór sneið af fjárveitingum hins opinbera til Snorrastofu fer til baka til ríkisins og annarra opinberra aðila, þ.e. í formi húsaleigu, sem stöðugt hækkar (er komin í tæpar 15 millj. kr.), hirðu á öllu svæðinu og húsvörslunnar með

varaeyntakasafninu. Mikil orka fór í viðræður við ríkið, en ekkert gekk. Gengið var að lokum frá rekstrarsamningi við ríkið upp úr áramótunum.

Vegna lækkunar á opinberum fjárframlögum var ákveðið að loka stofnuninni frá 15. janúar til 20. febrúar. Starfsmenn fóru þá í „sumarfrí“ fyrir utan Tryggva Konráðsson, umsjónarmann með hirðu og fasteignum, sem hafði eftirlit með eignum.

Fjárhagur stofnunarinnar heldur áfram að vera í jafnvægi.¹

Reykholti, 2. apríl 2024



Bergur Þorgeirsson,
forstöðumaður Snorrastofu



¹ Forsíðuljósmyndina tók Gunnar Freyr Gunnarsson.



Fjánhagur

Rekstur

Tekjur Snorrastofu koma frá ríki, sveitarfélögum, sjóðum og einkaaðilum. Þá hefur stofnunin tekjur af heimsóknnum ferðamanna og útleigu á fasteignum. Gerð fjárhagsáætlana er því ávallt óviss, enda stöðugt uppfærðar.

Tap upp á 1,7 millj. kr. varð af rekstri Snorrastofu árið 2023 eftir afskriftir og reiknað áunnið orlof upp á samtals 2,5 millj. kr. Útgjöld vegna launa stöðu nánast í stað á milli ára, en tekjur gestamóttöku hækkuðu um tæplega 8,0 millj. kr.

Rekstrarsamningur við ríkið

Unnið var að gerð nýs samnings við menningar- og viðskiptaráðuneytið og tókst að ljúka því máli í upphafi árs 2024.

Tryggingar

Farið var í gegnum stöðu trygginga hjá stofnuninni. Reiknað er með töluverðri lækkun iðgjalda um leið og keyptar verða nýjar tryggingar, bæði persónutryggingar lykilstarfsmanna og ábyrgðartrygging atvinnurekstrar.

Stjórn og starfsmannahald

Yfirstjórn

Stjórn Snorrastofu er hún skipuð sem hér segir:

Þorgeir Ólafsson, fulltrúi Reykholtskirkjusóknar, sem jafnframt er formaður,
Kristrún Heimisdóttir, fulltrúi Borgarbyggðar.

Brynja Þorbjörnsdóttir, sameiginlegur fulltrúi Skorradalshrepps og
Hvalfjarðarsveitar,

Halldór Guðmundsson, fulltrúi menningar- og viðskiptaráðuneytis.

Haukur Þorgeirsson, fulltrúi menningar- og viðskiptaráðuneytis, en
tilnefndur af Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Starfsmannahald

Starfsemin einkenndist af aðhaldi í starfsmannahaldi og var mannráðningum því haldið í lágmarki. Einungis einn sumarstarfsmaður var ráðinn við gestamóttökuna og tveir við hirðuna.

Til þess að geta fullnýtt starfskrafta fastráðinna starfsmanna yfir háannartíma sumarmánaðanna var sem fyrr segir brugðið á það ráð að loka gestamóttökunni frá 15. janúar til 20. febrúar sl. Þetta reyndist vel og tókst þannig að ná niður uppsöfnuðu fríi fastra starfsmanna. Starfsfólkið var ekki þvingað í frí á þessum tíma, enda kom tillagan um fyrirkomulagið frá því sjálfu.

Forstöðumaður var í rannsóknarleyfi erlendis frá 25. september og út október. Sumarfríð tók hann út í tengslum við fyrrgreinda lokun.

Starfsfólk og fastir verktakar

Bergur Þorgeirsson, forstöðumaður	100% staða
Sigrún Þormar, sviðsstjóri miðlunar og reikningshald	100% staða
Gíslína Jensdóttir, bókasafnsfræðingur og starfsmaður gestamóttöku	70% staða
Tryggvi Konráðsson, umsjónarmaður hirðu og fasteigna	100% staða
Marzena Ewa Dukarska, ræsting	60% staða
Mariana Teles Mendonca	Sumarvinna
Jakub Bemowski	Sumarvinna
Julia Zwolakiewicz	Sumarvinna
Paul Tan, þjóðfræðingur	2 mánuðir
Liv Marit Mathilde Aurdal, þjóðfræðingur	Tímavinna
Óskar Guðmundsson, textavinnsla, fyrirlestrar, verkefnisstjórn	Tímavinna
Birna Geirfinnssdóttir, hönnuður	Tímavinna
Sigrún Aðalheiður Ámundadóttir, gestamóttaka	Afleysingar
Geir Waage	Fyrirlestrar
Pétur Davíðsson	Launabókhald

Samþykkt var á stjórnarfundum í desember að gera Sigrúnu Þormar að staðgengli forstöðumanns.

Starfsmenn ásamt föstum verktökum, afleysingafólki og sjálfboðaliðum voru 15 talsins. Ekki var unnt að bjóða upp á unglíngavinnu. Ársverkin voru því um fimm. Greiðslu reikninga annaðist forstöðumaður og endurskoðun Gunnar Guðmundsson hjá Endár ehf.

Snorrastofa var með jólaboð fyrir starfsmenn stofnunarinnar og maka ásamt prestshjónunum þann 6. janúar í sýningarsalnum og þann 1. desember í Hreðavatnsskálunum (jólahaðborð). Þá voru Snorrastofa og Reykholtskirkja með sameiginleg „litlu“ jól þann 21. desember.

Ábyrgðarfólk einstakra verkþátta

Forstöðumaður: Umsýsla, rannsóknir, alþjóðleg samskipti, útgáfumál, ritstjórn fyrirlestra og viðburða og þróun sýningarefnis og margmiðlunar í samvinnu við Sigrúnu Þormar.

Sigrún Þormar: Gestastofa, verslun, gisti- og fundaraðastaða, heimasíða, reikningshald og þróun sýningarefnis og margmiðlunar í samvinnu við forstöðumann. Sem sviðsstjóri miðlunar er hún sem fyrr segir staðgengill forstöðumanns.

Gíslína Jensdóttir: Almennings- og rannsóknarbókasafn, bókakaup og Þrjónabóka-kvöld.

Tryggvi Konráðsson: Hirða útisvæða og fasteigna ásamt húsvörslu varaeintaka-safns Landsbókasafns-Háskólabókasafns í skólahúsinu.

Ýmislegt

Sturlufélagið

Forstöðumaður er ritari í stjórn Sturlufélagsins í Dalasýslu, sem annast uppbyggingu að Staðarhóli og stendur fyrir árlegum og vinsælum Sturlustefnum. Var honum falin yfirumsjón með gerð sex nýrra upplýsingaskilta að Staðarhóli, sem vígð voru við hátíðlega athöfn á Sturlustefnu um miðjan júlí. Einar Kárasón ritaði texta skiltanna.

Heimsókn frá Rúmeníu

23. júní komu í heimsókn í Snorrastofu fjórir gestir í frá Rúmeníu á vegum fyrirtækisins North Consulting, Dorothee Kirch og Maríu Kristínu Gylfadóttur. Heimsóknin tengist Evrópuverkefnum Cultural Heritage og Cultural Entrepreneurship og felst í uppbyggingu menningarstofnunar, sem minnir um margt á Snorrastofu. Verið að gera upp stóran herragarð í sveitafélaginu Timis í Rúmeníu, Mocioni Mansion, sem tengist rótgróinni fjölskyldu á svæðinu.

Fundur með miðaldafræðingum í Svíþjóð

Forstöðumaður fundaði með miðaldafræðingum í félaginu Det Svenska medeltidssällskapet dagana 2. til 4. júní í þorpinu Baskarp við stöðuvatnið Vättern. Um er að ræða lausbundinn félagsskap miðaldafræðinga í Svíþjóð. Lena Liepe, sem í árána rás hefur sinnt ýmsum verkefnum fyrir Snorrastofu, boðaði til fundarins í þetta skiptið.

Á dagskrá var annars vegar víkingaöldin og tengslin í austurátt og hins vegar hringborðsumræða um stöðu miðaldafræða með yfirskriftinni „Mångfald och global medeltid“.

Forstöðumaður hefur sótt fundi þessa félagsskapar frá 1994 og hafa nokkrir félaganna tekið þátt í verkefnum Snorrastofu, sérstaklega í Reykholt-

verkefninu og goðafræðiverkefnunum, og þá bæði sem fræðimenn og fjáraflamenn.

Bókasafnið

Bókasafnið frá Logalandi

Árið 2014 fékk bókasafnsnefnd Ungmennafélags Reykdæla það verkefni að rýmka svo í bókasafni félagsins að þar inni mætti hafa aðsetur stjórnar með starf sitt og gögn. Ráðgert var, að gefa það úr safninu, sem nærliggjandi söfn gæti vanhagað um og grisja safnkostinn að því loknu þannig að pláss myndaðist í herbergi bókasafnsins í Logalandi.

Fyrst var leikskólanum Hnoðrabóli og Kleppjárnsreykjaskóla boðið að velja bækur úr safninu og því næst Snorrastofu í Reykholti. Gerður var samningur í mars 2018 á milli Snorrastofu og UmfR um að þangað færu bækur, sem ekki væru þá þegar til. Þær bækur, sem afhentar voru Snorrastofu, voru flokkaðar og skráðar.

Í upphafi árs voru bókakassarnir loks fluttir yfir til Snorrastofu ásamt hillum og lauk síðan grisjun bókakostsins á haustdögum 2023. Snorrastofa getur fengið þær bækur, sem eftir urðu í Logalandi, lánaðar samkvæmt samningnum frá 2018. Þær bækur, sem hvorki Logaland né Snorrastofa vildu eignast voru boðnar áhugasömum til kaups.

Ráðgert er að prenta út lista yfir allar bækur, sem gefnar voru Snorrastofu og einnig þær, sem staðsettar eru nú í Logalandi. Frá upphafi hafa bækur Bókasafns Reykdæla verið flokkaðar og merktar og það einfaldaði alla þessa vinnu.

Markmiðið var að safnkostur ungmennafélagsins héldist sem mest í því sama umhverfi, sem hann myndaðist í og verði áfram aðgengilegur íbúunum.

Snorrastofa greiddi hluta vinnu Jónínu Eiríksdóttur við bókaöfina frá UmfR, en þess má geta að Snorrastofu var gert á sínum tíma að taka við öllum bókasöfnun í Borgarfjarðardölum og er litið þannig á að árleg fjárveiting Borgarbyggðar sé fyrst og fremst vegna þessarar tilskipunar sveitarfélagsins.

Gestamóttakan

Fjölgun gesta

Starfsemi gestamóttökunnar hefur gengið vel, en krónutalan fyrir árið var 30 millj. kr., sem er 10 millj. kr. meira en 2019, síðasta árið fyrir COVID-19. Við erum engu að síður langt frá metárinu 2014, sem var 36 millj. kr. Árið 2014 kom óvenjumikill fjöldi hópa frá Noregi og Svíþjóð, auk þess sem gengið var einkar hagstætt, sem þýddi mikla veltu í versluninni. Var Snorrastofa þá með mikil viðskipti við tvær

norrænar ferðaskrifstofur, sem komu með fjölda gesta, bæði vor og haust. 20 hópar komu frá hvorri skrifstofunni fyrir sig á þessu góða ári og í hverjum hópi voru 20 til 60 manns. Því miður hefur áhuginn á hópferðum norrænna ferðamanna til Íslands minnkað og hafa þessar ferðaskrifstofur hætt starfsemi.

Framan af var móttaka hópa að mestu í höndum Sigrúnar Þormar og sr. Geirs Waage, en Sigrún hefur smátt og smátt tekið yfir móttöku hópanna. Í stað norrænu hópanna fylgar jafnt og þétt komu hópa frá Bandaríkjunum og þar er ferðaskrifstofan „Road Scholar“ fremst í flokki. Sigrún tók alfarið yfir móttöku þessara hópa 2018. Í kjölfar deyfðar covid-áranna hafa þeir verið að koma mjög sterkt inn aftur, sérstaklega núna í ár. Einnig hefur Iceland Travel tekið við sér með pöntunum á kynningum og fyrirlestrum, sem Sigrún sér að mestu um. Í þremur tilvikum var sérstaklega beðið um Sr. Geir Waage og í einu Óskar Guðmundsson.

Forstöðumaður sá um fyrirlestra, þar sem beðið var um strangfræðilega fyrirlestra. Þá var móttaka skólabarna þetta árið eingöngu í höndum Sigrúnar og forstöðumanns.



Sumarstarfsmaður

Í sumar var ráðinn einn starfsmaður til starfa í gestamóttöku Snorrastofu, Mariana Teles Mendonca, sem er búsett á Kleppjárnsreykjum. Hafði hún lokið námi í ferðamálafræðum frá Hólum og verið í starfsnámi hjá Markaðsstofu Vesturlands sem gáfu henni hin bestu meðmæli. Var hún góð viðbót við tungumálaflóru gestamóttökunnar, en auk móðurmálsins portúgölsku og enskunnar talar hún íslensku, spænsku og frönsku. Flutti hún fyrirlestra um Snorra fyrir hópa á bæði spænsku og portúgölsku.

Aðrir starfsmenn

Sigrún Þormar, sviðsstjóri miðlunar í Snorrastofu, og Gíslína Jensdóttir, bókvörður stóðu vaktina í gestamóttökunni. Forstöðumaður sá um afleysingar, meðal annars yfir páskana.

Ókeypis aðstaða

Boðið hefur verið upp á ókeypis aðgang að snyrtingum Snorrastofu frá því í október 2022. Þetta hefur heppnast vel, enda mikið um að fólk kaupi sér þjónustu eða varning í leiðinni.

Hljóðleiðsögn

Á árinu var bæði norsku og pólsku bætt við hljóðleiðsögnina eða smáforritið „Snorra“. Lesið var inn á leiðsögnina hjá Hljóðbókasafni Íslands. Liv Aurdal, þjóðfræðingur, sá um norskuna og Masza Solak um pólskuna.

Nýtt anddyri

Snorrastofa hefur nokkur undanfarin ár sótt til nokkurra aðila um fjármagn fyrir nýtt anddyri gestamóttökunnar, en alltaf fengið neitun. Anddyrið verður hins vegar loks að veruleika á næsta ári vegna arfs frá Jan Petter Røed og í byrjun desember var mælt upp fyrir því. Með framkvæmdinni er verið að stórbæta aðstöðu Snorrastofu, enda um að ræða tvöfaldar glerdyr sem opnast sjálfvirkt.

Mannamót

Snorrastofa tók þátt í hinni árlegu ferðamálasýningu, Mannamótum, í byrjun ársins.

Miðlun

Miðlun í skólahúsinu

Menningar- og viðskiptaráðuneytið vill skapa varaeintakasafni Landsbókasafns nýja umgjörð í Borgarnesi vegna þrengsla í Reykholti. Um leið styður ráðherra hugmyndir Snorrastofu um sýningar og gestamóttöku í austurálm skólahússins. Þann 18. desember kom Lilja Alfreðsdóttir, menningar- og viðskiptaráðherra, í Reykholt og undirritaði viljayfirlýsingu um verkefnið ásamt forstöðumanni og Guðveigu Lind Eyglóardóttur, forseta sveitarstjórnar Borgarbyggðar.

Samstarfssamningur við miðaldabæinn Gradara

Forstöðumaður og bæjarstjóri hins ítalska miðaldabæjar Gradara suður af Rimini, Filippo Gasperi, undirritaðu þann 24. september formlegan samstarfssamning Snorrastofu og bæjarins.

Um leið sótti forstöðumaður málþingið „Gaming and Cultural Heritage“ dagana 23.-24. september í þessum fallega 5000 manna bæ á austurströnd Ítalíu. Dvaldi hann innan virkismúranna í boði bæjarins, sem skartar mikilfenglegu virki og miðaldakastala. Snorrastofa greiddi ferðakostnað.

Boðið tengist með óbeinum hætti rannsóknarverkefni Snorrastofu og Háskólans í Edinborg um Harald harðráða og ævintýri hans á Miðjarðarhafinu, sem Snorri Sturluson tók fyrir í Heimskringlu. Samningurinn mun gagnast í sambandi við þróun minjagarðs í Reykholti og breytingum skólahússins í sýningaraðstöðu fyrir Snorrastofu.



Annað

Samið var við Alps Voyage um verð næsta árs vegna notkunar á skólahúsinu fyrir indverska matarhópa.

Fræði

Rannsóknir

Ritmenning íslenskra miðalda (RÍM)

Rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda hafa frá byrjun verið lykilþáttur í starfsemi Snorrastofu og þá ekki hvað síst á eðli hinna fornu ritstofa. Spurt hefur verið hverjar aðstæðurnar hafi verið við sagnaritun og aðra textagerð, hvað hafi verið í forgangi, hvað hafi vakið mestan áhuga viðtakenda textanna og hverjar hafi verið hinar efnahags- og félagslegu forsendur ritmenningarinnar. Og þá eru rannsóknir á húsakosti, fornminjum og umhverfisþáttum ekki síður mikilvægar.

Fjórða úthlutun átaksverkefnisins um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningu íslenskra miðalda, eða RÍM, fór fram á árinu. Úthlutunarnefnd verkefnisins skilaði af sér niðurstöðum fyrir 2023 um mánaðarmótin apríl/máí.

Vinnufundur verkefnisins var haldinn í Eddu, húsi íslenskra fræða 24. nóvember. Á fundinum, sem var öllum opinn, voru kynnt flest þau verkefni, sem hlotið hafa styrk úr sjóði, sem komið var á fót að frumkvæði Snorrastofu í tilefni þess að árið 2019 voru 75 ár liðin frá stofnun lýðveldis á Íslandi. Þessu fimm ára átaksverkefni um þverfaglegar rannsóknir á ritmenningunni fer nú senn að ljúka, enda einungis eitt ár eftir.

Hlutverk sjóðsins er m.a. að efla rannsóknir á heimildum um ritunarstaði miðaldahandrita á Íslandi og þá sérstaklega á þeim lærdómsmiðstöðvum og klaustrum þar sem ritmenning blómstraði. Verkefnið spratt upp úr hinu þverfaglega Reykholtswerkefni, umfangsmiklum alþjóðlegum rannsóknum á miðöldum Reykholts í Borgarfirði.

Verkþættirnir eru tveir, annars vegar rannsóknir á menningarminjum og umhverfi tengt þessum stöðum og hins vegar handrita- og bókmenningu þeirra. Umsóknir hafa bæði verið metnar með tilliti til vísindalegs og menningarsögulegs gildis. Vonir standa til að nákvæmar lýsingar verði unnar á þeim ritmenningarstöðum, sem hafa orðið fyrir valinu og rök færð fyrir menningarlegu vægi þeirra handrita og bókmenntaverka sem stöðunum tengjast. Árlegt fé til sjóðsins hefur verið 35 m.kr. á tímabilinu 2020 til 2024.

Snorrastofa annast umsýslu sjóðsins, sem á sínum tíma var komið á fót samkvæmt sérstökum samningi við mennta- og menningarmálaráðuneytið, nú menningar- og viðskiptaráðuneytið. Snorrastofa auglýsir eftir umsóknum um styrki og hefur um leið eftirlit með að styrkt verkefni séu unnin í samræmi við úthlutunarreglur. Úthlutanir hafa verið á hendi menningar- og viðskiptaráðuneytis að fenginni umsögn sérstakrar úthlutunarnefndar, sem hefur verið eins skipuð allan tímann. Nefndina skipa Agnes Stefánsdóttir, fornleifafræðingur hjá Minjastofnun Íslands, formaður, Hrefna Róbertsdóttir, þjóðskjalavörður, og Jan Alexander van Nahl, dósent við Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands. Hefur samstarfið við nefndina verið einstaklega ánægjulegt.

Yfir verkefninu er sérstakt fagráð, sem í sátu framan af þau Guðrún Nordal, sem hefur verið formaður, Margrét Hallgrímsdóttir og Ágúst Sigurðsson. Um leið og Margrét lét af störfum nú á árinu sem þjóðminjavörður tók nýskipaður þjóðminjavörður, Harpa Þórsdóttir, sæti hennar í fagráðinu.

Bókagerð í Helgafellsklaustri á 14. öld

Dagana 3.-4. mars stóð Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum fyrir þverfaglegu málþingi í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins um þau handrit sem talin eru að hafi verið framleidd í klaustrinu á Helgafelli.

Fjallað var um gerð handritanna, innihald, sögulegt samhengi, hönnun og skreytingar, sem og skrift, mál og stafsetningu ásamt öðru sem bókunum tengist. Yfirskriftin var „Bókagerð í Helgafellsklaustri á 14. öld“, sem byggist á samnefndu rannsóknarverkefni, sem fjármagnað var af ofangreindu verkefni um ritmenningu íslenskra miðalda. Rannsóknarhópurinn beindi sjónum að hópi íslenskra handrita frá fjórtánda öld sem öll tengjast klaustrinu á Helgafelli og tók þátt í verkefninu fræðimenn sem nálgast handritarannsóknir úr ólíkum áttum.

Lena Liepe var einn fyrirlesarara og var yfirskrift erindis hennar „Image, Text and Ornamentation in the Helgafell Group“. Þarna fékk bók Snorrastofu og um leið höfundarverk Liepe, *Studies in Icelandic Fourteenth Century Bookpainting*, góða kynningu.

Forn trúarbrögð norðursins

Viðamikið verkefni fyrir Snorrastofu mörg undanfarin misseri hefur verið alþjóðlega rannsóknarverkefnið um norræna goðafræði (Pre-Christian Religions of the North), sem hófst vorið 2008. Það var ásamt hinu svokallaða Reykholtswerkefni undanfari verkefnisins um ritmenningu íslenskra miðalda (RÍM), enda kjarni goðafræðiverkefnisins sprottinn úr ritstofunni í Reykholti, þ.e. Snorra-

Eddu, og því mikilvægt fyrir skilning okkar á eðli ritstofu og ritmenningar á staðnum.

Markmiðið var útgáfa sjö binda yfirlitsrits um goðafræðina þar sem gerð er grein fyrir öllum mikilvægustu heimildunum um trúarbrögð á norðurhveli jarðar frá því fyrir kristni, þ.e. fornleifum, örnefnum og rituðu máli. Ennfremur átti að fjalla um rannsóknir fræðimanna um efnið, en slíkt felur í sér bæði rannsóknarsögu greinarinnar og umfjöllun um helstu kenningar og rannsóknar-niðurstöður um efnið, einkum á síðustu áratugum.

Margir helstu fræðimenn þessa sviðs, bæði íslenskir og erlendir, komu að vinnslu verkefnisins, sem er á lokastigi. Nú þegar hafa sex bindi þess litið dagsins ljós og það síðasta er væntanlegt á næstunni.

Erfitt er að fá styrki til bókaútgáfu, og gengur því hægt að koma síðustu bókinni út. Yfirlestur, gerð skráa og umbrot hefur að undanförunni verið greitt úr grunnrekstri Snorrastofu. Paul Tan, þjóðfræðingur við Háskólann í Durham á Englandi, vinnur að undirbúningi þessa síðasta bindis verkefnisins í samvinnu við ritstjóran John McKinnell, Terry Gunnell og forstöðumann. Um er að ræða sérstakt bindi með úrvali frumheimilda um norræna goðafræði.

Haraldur harðráði

Snorrastofa var með ráðstefnu 29.-31. maí, sem var þáttur í verkefni, sem stofnunin er með um Harald harðráða í samvinnu við háskólana í Edinborg og York, Háskóla Íslands og fleiri stofnanir í Evrópu. Var ráðstefnan haldin í bókhöllu Snorrastofu og var yfirskriftin „Harald Hardrada, the Mediterranean, and the Nordic World between the late Viking Age and the Eve of the Crusades. Textual and material primary sources“. Var þetta fyrsta ráðstefnan af fimm í alþjóðlega tengslanetinu, „A “Viking” in the Sun“.

Háskóli Íslands styrkti viðburðinn ásamt Borgarbyggð, Uppbyggingarsjóði Vesturlands og háskólunum í Edinborg, York og Cambridge.

Fundur í Istanbúl

Forstöðumaður var á eigin vegum á ferðalagi í lok september og byrjun október og nýtti tækifærið til að funda með Olof Heilo, forstöðumanni Svenska Forskningsinstitutet i Istanbul (SFII) og Anders Ackfeldt, aðstoðarforstöðumanni sömu stofnunar, um verkefnið um Harald harðráða.

Markmiðið var síðan að fara til Ísraels og Jórdaníu og ná tali af samstarfsaðilum við Sænsku guðfræðistofnunina í Jerúsalem og Háskólann í Amman, en af því gat því miður ekki orðið sökum atburðanna skelfilegu þann 7. október og stríðsins sem braust út í kjölfarið.



Fundað í Istanbúl með Olof Heilo og Anders Ackfeldt

Bók með úrvali erinda frá Thoreau-ráðstefnunni

Hafinn er undirbúningur á útgáfu bókar með úrvali frá ráðstefnu Snorrastofu frá því í fyrra, „Thoreau and the Nick of Time“. Aðalritstjóri er John Kucich og ritar forstöðumaður inngang.

Ársfundur The Thoreau Society

Forstöðumanni var boðið að sækja árlegan ársfund og ráðstefnu The Thoreau Society í Concord, Massachusetts í Bandaríkjunum, dagana 12.-16. júlí. Aðalfyrirlesarinn var Andri Snær Magnason, sem flutti mál sitt í gegnum fjarbúnað. Hlutverk forstöðumanns var að kynna Andra.

Helsta bók Henry David Thoreau (1817-1862), Walden, kom út í vandaðri þýðingu Elísabetar Gunnarsdóttur og Hildar Hákonardóttur árið 2017 og ritaði Gyrðir Elíasson inngangsorð. Þess má geta að Thoreau hafði bæði áhuga á konungasögum og goðafræði Snorra.

Viðurkenning frá The Thoreau Society

Forstöðumanni var veitt „The Thoreau Society Distinguished Service Award“ vegna ráðstefnu Snorrastofu um Thoreau í fyrra og þá einu grein, sem hann hefur birt um tengsl Snorra Sturlusonar og Thoreau.

Viðburðir

Niðurskurður á fjármagni

Vegna mikils niðurskurðar var lítið um fyrirlestrahald á árinu, enda hefur raunkostnaður þessa þáttar í starfseminni verið á bilinu 2,5 til 5 milljónir króna árlega. Snorrastofa notaði ávallt rekstrarstyrkina frá Uppbyggingasjóði Vesturlands, sem fást því miður ekki lengur vegna nýrra reglna sjóðsins, í fyrirlestrahaldið til viðbótar við þær 5-750 þús. króna, sem árlega koma úr sama sjóði vegna menningarverkefna.

Barnameningarhátíðin

Á starfsmannafundi 3. janúar tilkynnti forstöðumaður niðurstöðu Uppbyggingarsjóðsins vegna umsókna Snorrastofu um fjármagn til menningarmála, bæði vegna fyrirlestra og ráðstefna og almennrar starfsemi.

Þar sem Snorrastofa fékk einungis 700 þús. kr. vegna fyrirlestra og ráðstefna, sem er lækkun, 850 þús. kr. fyrir barnameningarhátíð og ekkert vegna almennrar starfsemi var ljóst að stofnunin hafði ekkert fjárhagslegt bolmagn til að halda barnameningarhátíð, eins og ráð var fyrir gert í starfsáætlun, og var því samþykkt á starfsmannafundinum að afþakka styrkinn.

Barnameningarhátíð krefst mikils undirbúnings og er kostnaður vegna hennar á bilinu 2 til 3 milljónir króna.

Ókindin

28. mars stóðu Sigrún Elíasdóttir og Anna Dröfn Sigurjónsdóttir fyrir dagskránni „Ókindin - ógeðfellðar barnagælur Íslendinga“ í Bókhöllu Snorrastofu. Þær eru með hlaðvarpsþáttinn Myrka Ísland og skoðuðu sumt af því efni sem haft var fyrir börnum hér áður fyrr. Margt af því eldist sannarlega ekki sem best. Boðið var upp á léttu yfirferð og farið með áhugaverðar vísur og þulur frá ýmsum tímum. Þeim til halds og trausts var Gunnhildur Vala Valsdóttir sem flutti viðeigandi tónlist með.

Fyrirlestur á Reykholtshátíð

Á Reykholtshátíð þann 29. júlí flutti Friðrik Erlingsson fyrirlesturinn „Fingraför Sæmundar fróða. Hverjar eru helstu vísbendingar um ritstörf Sæmundar Sigfússonar í Odda?“. Fyrirlestur Friðriks var hugleiðing áhugamanns um íslenskar miðaldir og þankar leikmanns um hið mögulega og ómögulega í lífi og starfi Sæmundar Sigfússonar, með áherslu á þau ritverk sem hann gæti hafa sett saman eða komið að, útfrá þeim tilvitnunum og heimildum sem tengjast nafni hans í miðaldatextum.



Mannlífsskilti afhjúpað

Þann 9. ágúst var sérstakt mannlífsskilti afhjúpað í Reykholti austan við bæ Snorra Sturlusonar. Hönnun á vegum Snorrastofu var í höndum Birnu Geirfinnsdóttur, listfenga tilgátuteikninguna vann Sól Hrafnisdóttir og verkefnisstjórn og annan undirbúning önnuðust Jónína Eiríksdóttir og Óskar Guðmundsson.



Norræna þjóðbúningaþingið

Norræna þjóðbúningaþingið í Snorrastofu í Reykholti stóð yfir frá 9. til 11. ágúst, sem er haldin til skiptis á Norðurlöndum á þriggja ára fresti. Um var að ræða þriggja daga ráðstefnu, vinnustofur og kaupstefnu. Þátttaka í framkvæmdinni var heiður fyrir Snorrastofu, en undirbúningur og umsjón var fyrst og fremst á herðum Heimilisiðnaðarfélags Íslands.

Frændur fagna skógi

Fyrirlestrar í héraði 19. september: Óskar Guðmundsson rithöfundur og sagnfræðingur flutti fyrirlesturinn „Frændur fagna skógi“, sem byggist á samnefndri bók.

Margir Borgfirðingar koma við sögu þessu veglega rits Óskars um skógarsamvinnu Íslendinga og Norðmanna, sem segir sögu samskipta Norðmanna og Íslendinga með áherslu á skiptiferðir skógræktarfólks frá 1949 til 2000. Bókin er bæði á norsku og íslensku og markar þannig tímamót.

Allt að tvö þúsund einstaklingar af hvorri þjóð lagði í ferðir í þessu skyni í rúmlega hálföld – og á því tímabili plöntuðu Norðmenn allt að einni milljón trjáa í íslenskan svörð. Menningarferðir þessar urðu til þess að hnýta enn betur bönd frændþjóðanna og bæta náttúru landanna. Í bókinni er jafnframt skyggst yfir söguna allt frá landnámi til nútíma og áhugaverð atriði dregin fram í dagsljósið.

Háskaför yfir Atlantshafið

Á þrjúna-bóka-kvöldi 2. nóvember sagði Hilmar Guðjónsson, sem ólst upp í Reykholti, frá vægast sagt ævintýralegrri siglingu sinni og féлага sinna yfir Atlantshafið. Sigldu þeir skútu frá Danmörku til Karabíska hafsins og tók ferðalagið sjö mánuði.

Vinnufundur RÍM-verkefnisins

Snorrastofa og Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum stóðu þann 24. nóvember fyrir afar ánægjulegum vinnufundi verkefnisins um ritmenningu íslenskra miðalda, eða RÍM, í Eddu, húsi íslenskra fræða. Kynnt voru flest þeirra verkefna, sem hlotið hafa styrk úr fyrrgreindum sjóði, sem hefur það hlutverk að efla rannsóknir á heimildum um ritunarstaði miðaldahandrita á Íslandi og þá sérstaklega á þeim lærdómsmiðstöðvum og klaustrum þar sem ritmenning blómstraði.

Bókakynning

Boðið var upp á bókakynningu á þrjúna-bóka-kvöldi þann 14. desember. Bjarni Guðmundsson las úr verki sínu Dögum við Dýrafjörð og Helgi Bjarnason frá Laugalandi úr sinni nýju sögubók, Gleymdum skáldum og gömlum sögum.

Fasteignir og umhverfi

Húsgjöld

Að venju hækkaði húsgjald til Framkvæmdasýslunnar - Ríkiseigna og er það komið í 1.003.738 kr. á mánuði. Leigugjaldið til Reykholtskirkju fyrir safnaðarsalinn, sem Snorrastofa notar fyrir sýningu sína, er komið í 3.061.290 kr. Samtals greiðir Snorrastofa því árlega rétt rúmlega 15 millj. kr. í leigu fyrir húsnæði.

Þess ber að geta skrifstofuhúsnæði Snorrastofu, fræðimannsíbúðina og bóklöðuna í húsnæðinu við hlið Reykholtskirkju og neðri hæð tengiálmur hefur stofnunin sér að kostnaðarlausu, enda hefur húsnæðið takmarkað viðhald fengið frá upphafi. Er nú svo komið að tengiálmur hriplekur í rigningum og rennur vatn niður í húsnæði Snorrastofu á neðri hæð álmunnar. Þarf stundum að færa til húsbúnað og vörur til að forða þeim frá skemmdum.

Vonast er til að arfur sá, sem Reykholtskirkja muni fá árlega úr dánarbúi Jan Petter Røed, velunnara kirkjunnar í Noregi, megi nota í viðhald á þessu húsnæði, sem telst eign kirkjunnar.



Fræðimannsíbúðin

Nýtingin á fræðimannsíbúðinni var ágæt. Meðal gesta í gistingu Snorrastofu voru forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, sem kom í 17. og 18. skiptið, Margrét Hallgrímsdóttir, Haukur Þorgeirsson, Friðrik Erlingsson, Guðfinna Ragnarsdóttir, Halldór Guðmundsson, Logi Gunnarsson, Guðjón Ragnar Jónasson, Svala Ísfeld Ólafsdóttir, Gísli Sigurðsson, Rögnvaldur Guðmundsson, Arthúr Björgvin Bollason, Jón Axel Harðarson, Valgerður Brynjólfsdóttir, Þóra Pétursdóttir, Harriet Clark, Hans Petter Graver, Guðrún Ása Grímsdóttir, Viktor Sveinsson, Astrid E.J. Ogilvie, Örn Sigurðsson, Anne Kristin Moe, François-Xavier Dillmann, Steinar Bragi, Rúnar Már Þorsteinsson og Kristján Árnason.

Starfsmenn hirðu

Auglýst var eftir starfsfólki fyrir hirðu sumarsins og kom ekki ein einasta umsókn þrátt fyrir mikla leit. Var þá horft til Evrópska efnahagssvæðisins og ráðið öflugt pólskt par frá miðjum maí, 25 ára gamlir háskólanemar, Jakub Bemowski og Julia Zwolakiewicz.

Engin vinnumarkaðsúrræði í anda þeirra sem Snorrastofu nýtti á Covid-tímum buðust þetta árið.

Ákveðið var að vera hvorki með sjálfbóðaliða né unglingavinnu vegna kostnaðar.



Julia og Jakub

Bætt aðstaða

Sú aðstaða, sem þróuð hefur verið undanfarin ár í skólahúsinu vegna fjölda starfsmanna í atvinnubótavinnu á covid-tímum, kom sér vel vegna hinna erlendu starfsmanna. Nú er komið sérstakt eldhús fyrir starfsmenn Snorrastofu í skólahúsinu. Um leið er búið að koma upp sameiginlegri sturtuáðstöðu og gera hurð fyrir innganginn upp í turn. Um leið og eldhúsið varð að veruleika var aukasvefnherbergi gert við hlið þess.



Stúdíó-herbergin

Skipt var út skápum í stúdíó-herbergjum, en í stað eldhúskróka, sem aldrei höfðu verið notaðir, voru settir upp fataskápar. Þessar breytingar voru kostaðar af Framkvæmdasýslunni – Ríkiseignum.

Hitaveita Reykhóltsstaðar ehf. og Reykhóltsstaður ehf.

Forstöðumaður hefur annast gjaldkerastörf fyrir Hitaveitu Reykhóltsstaðar í fjölda ára, sem hefur þýtt tekjur fyrir Snorrastofu, og lauk því verkefni um miðjan desember.

Að auki sat forstöðumaður í stjórn fyrirtækisins ásamt formanni stjórnar Snorrastofu, Birni Bjarnasyni, fram að aðalfundi fyrirtækisins þann 6. september 2023. Forstöðumaður og Björn voru einnig í stjórn fyrirtækisins Reykhóltsstaður ehf. fram til sama dags. Þessi félög eru nú alfarið í höndum séra Geirs Waage.

Verið er að leita leiða til að selja hitaveituna. Í þessu sambandi hefur kirkjustjórnin verið Geir innan handar, ekki hvað síst vegna þess möguleika að selja veituna til Reykhóltsorku, sem rekur gufuafsvirkjun á staðnum, og jafnvel Orkuveitu Reykjavíkur.

Veitan er mikil binding fyrir Geir og tókst því miður ekki að selja hana á árinu. Sér ekki fyrir endann á þessu máli.